

mánudegi að fjórum vikum liðnum frá lokum getraunaviku eða næsta virkum degi ef mánudag ber upp á helgidag eða annan almennan frídag.

Eftirlitsmaður dómsmálaráðuneytisins úrskurðar um kærana innan 15 daga frá því kærufrestur rann út.

### Eftirlit.

27. gr.

Dómsmálaráðuneytið skipar eftirlitsmann til þriggja ára í senn og skal hann gæta hagsmuna þátttakenda. Hlutverk eftirlitsmanns er að hafa eftirlit með framkvæmd íþróttagetraunanna og að fara að öðru leyti með þau störf sem honum eru falin með reglugerð þessari. Þá skipar ráðuneytið varamann eftirlitsmanns til sama tíma.

Kostnaður við eftirlit þetta greiðist af Íslenskum getraunum samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðuneytisins.

Eftirlitsmaður skal halda sérstaka gerðabók þar sem m.a. skal skrá kærur allar og úrskurði.

### III. GILDISTAKA.

28. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um getraunir, nr. 59 29. maí 1972, öðlast gildi 31. október 1988.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð fyrir Íslenskar getraunir, nr. 472 13. ágúst 1981, ásamt síðari breytingum.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 27. október 1988.*

**Haldór Ásgrímsson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á staðfestu aðalskipulagi Siglufjarðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19. 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 11. október 1988 staðfest þá breytingu á aðalskipulagi Siglufjarðar að gert er ráð fyrir vegatengingu frá Ráeyri út á Siglunes.

Þessi breyting hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykkt af bæjarstjórn Siglufjarðar og Skipulagsstjórn ríkisins.

Aðalskipulag Siglufjarðar 1980-2000 sem staðfest var 15. mars 1982 er óbreytt að öðru leyti.

*Félagsmálaráðuneytið, 12. október 1988.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*